


Norræna ráðherranefndin

# Verkefna- og fjárhagsáætlun 2010 – samantekt







## Efnisyfirlit

- 5 **Verkefna- og fjárhagsáætlun 2010**
- 6 Yfirlit yfir alla liði fjárhagsáætlunarinnar
- 7 Megináherslur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2010
- 11 Hnattvæðingarverkefni Norrænu ráðherraefndarinnar
- 12 Aðgerðir Norrænu ráðherraefndarinnar vegna Íslands
- 12 Breytingar á fjárhagsáætlun Norrænu ráðherraefndarinnar
- 13 Samráð við Norðurlandaráð um fjárhagsáætlun fyrir árið 2010
- 13 Fjármögnun starfsemi Norrænu ráðherraefndarinnar
- 13 Áætlað framlag frá löndunum í gjaldmiðli viðkomandi lands
- 14 Staðan í verkefnaumsjón skrifstofu Norrænu ráðherraefndarinnar
- 15 **Fjárhagsáætlun og lausafjárstaða Norrænu ráðherraefndarinnar**
- 15 Þróun óráðstafaðs fjármagns
- 17 Þróun fjárhagsáætlana á tímabilinu 2000–2010
- 18 Þróun lausafjárstöðu
- 19 Fylgiskjal 1: Yfirlit yfir alla liði fjárhagsáætlunar
- 26 Fylgiskjal 2: Fjárveitingar til norrænna stofnana í gjaldmiðli viðkomandi lands
- 27 Fylgiskjal 3: Gengi gjaldmiðla og verðbólgustig 2010

**Norræna ráðherranefndin**  
**Verkefna- og fjárhagsáætlun – samantekt**

ANP 2009:787

© Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn 2009

ISBN 978-92-893-1984-3

Prentun: Scanprint a/s, Aarhus

Kápa: Par No 1

Umbrot: Par No 1

Upplag: 300

Prentað á pappír sem uppfyllir strangar umhverfiskröfur og má merkja með norræna umhverfismerkinu, Svaninum.

Ritið má panta á [www.norden.org/order](http://www.norden.org/order) og hala niður á [norden2010.dk](http://norden2010.dk)  
Fleiri rit eru á [www.norden](http://www.norden)



Printed in Denmark

**Norræna ráðherranefndin**

Store Strandstræde 18

DK-1255 København K

Sími (+45) 3396 0400

Bréfasími (+45) 3311 1870

[www.norden.org](http://www.norden.org)


**Norrænt samstarf**

Norrænt samstarf er eitt víðamesta svæðasamstarf í heimi. Samstarfsaðilar eru Danir, Finnar, Íslendingar, Norðmenn og Svíar auk sjálfstjórnarsvæðanna á Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi.

Pólítískt, efnahagslegt og menningarlegt samstarf Norðurlandabjóðanna gegnir mikilvægu hlutverki í evrópsku og öðru alþjóðlegu samstarfi. Norrænt samstarf styrkir stöðu Norðurlanda í öflugri Evrópu.

Samstarfið á að standa vörð um norræna hagsmuni og gildismat í hnattvæddum heimi. Sameiginlegt gildismat ríkjanna treystir Norðurlönd í sessi sem eitt fremsta svæði heims á sviði nýsköpunar og samkeppnishæfni.

## Verkefna- og fjárhagsáætlun 2010



Hér fer á eftir útdráttur úr fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2010. Heildarútgáfu fjárhagsáætlunarinnar má nálgast á heimasíðu ráðherranefndarinnar: [www.norden.org](http://www.norden.org).

Þrátt fyrir viðleitni ríkisstjórna norrænu landanna til að draga úr áhrifum alþjóðlegrar efnahags- og fjármálakreppu, hefur hún óhjákvæmilega áhrif á fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar. Miðað við fjárhagsáætlun ársins 2009 er heildarrámmi áætlunarinnar óbreyttur en innan hans hafa verið gerðar áherslubreytingar.

Það er einkum tvennt sem liggur að baki þeirri breyttu forgangsröðun sem samstarfsráðherrar leggja áherslu á: tækifæri og áskoranir hnattvæðingar og áhrif fjármálakreppunnar á stöðu efnahagsmála á Íslandi.

Vegna aukinnar áherslu á hnattvæðinguna leggja samstarfsráðherrarnir til að fjárveitingar til aðgerða til að bregðast við hnattvæðingu verði auknar enn frekar. Samstarfsráðherrar Norðurlanda samþykktu þann 6. mars 2009 að hefja ný hnattvæðingarverkefni á sviði heilbrigðis- og velferðarmála, orku- og samgöngumála, menningar og skapandi greina sem og á fjármálasviði. Allar fagráðherranefndir ásamt tilteknum nefndum Norðurlandaráðs lögðu fram tillögur að verkefnum, í allt urðu það yfir 60 tillögur. Af þeim völdu samstarfsráðherrarnir svo samtals sjö verkefni í október, en auk áðurnefndra sviða er þar um að ræða styrk til samningafundar um kvika-silfurssáttmála, verkefni á sviði rafrænna vísinda (eScience) og verkefni um loftslagsvænar byggingar. Helmingur fjárveitingar til hnattvæðingarverkefna í fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 rennur til þessara sjö verkefna.

Á sama hátt og í fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 ætla samstarfsráðherrarnir framlag sem nemur 7,2 millj. DKK til verk-

efna til stuðnings Íslandi. Um er að ræða þrjár gerðir verkefna: 1) ferðastyrki vegna þátttöku íslenskra embættismanna í norrænum fundum, 2) styrki til námsmanna og lærlinga til að tryggja áframhaldandi þátttöku Íslendinga í norrænum menntaáætlunum og 3) fjármagn til markvissrar upplýsingamiðlunar á Íslandi um fjármögnunarleiðir innan norræns samstarfs, t.d. samstarfs á sviði menningar og atvinnulífs.

Norrænu tungumálin eru ofarlega á dagskrá í norrænu samstarfi. Aukin áhersla á tungumálaskilning barna birtist nú einnig að fullu í fjárhagsáætluninni. Með breytingunni verður samstarfið sýnilegra og samhæfðara og á hún einnig að auka samlegð milli þeirra sem sinna þessum málaflokki.

Enn fremur er lögð áhersla á samstarf við nágretta okkar í vestri og þá ekki síst Kanada. Samstarfið hófst á árinu 2009 og Norræna ráðherranefndin vonar að þróa megi verkefni á sviðum sem snerta sameiginlega hagsmuni eins og rannsóknir, nýsköpun og lífríki hafsins ásamt sjálfbærri þróun strandsamfélaga.

Í árlegu samráði um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í haust komu Norðurlandaráð og ráðherranefndin sér saman um málamiðlunartillögu sem báðir aðilar eru sáttir við. Málamiðlunartillagan felur í sér aukna fjárveitingu til Lista- og menningarverkefnisins og Menningarsjóðsins, sem nemur samtals um það bil 1,7 millj. DKK.

Kaupmannahöfn, 7. desember 2009

Halldór Ásgrímsson  
framkvæmdastjóri



## Yfirlit yfir alla liði fjárhagsáætlunar

Í fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fá fagráðherranefndirnar tíu og samstarfsráðherrarnir tiltekna fjárveitingar til ráðstöfunar. Þar að auki eru sérstakar fjárveitingar ætlaðar samstarfi við grannsvæðin og aðgerðum Norrænu ráðherranefndarinnar vegna hnattvæðingar.

Heildarrámmi fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið 2010 nemur samtals 899,247 millj. DKK. Við þetta bætast fjórar millj. DKK sem voru ekki notaðar af fjárveitingu ársins 2009 til hnattvæðingarverkefna, og bætast þær við þær 67,123 millj. DKK sem tilgreindar eru til hnattvæðingarverkefna. Skiptingu fjárveitinga á fagsviðin má sjá á eftirfarandi yfirliti. Yfirlit yfir einstaka liði fjárveitinga til fagráðherranefndanna má sjá í fylgiskjali 1. Í fylgiskjali 2 er yfirlit yfir fjárveitingar til stofnananna í gjaldmiðli viðkomandi lands.

### SAMANBURÐUR Á FJÁRHAGSÁÆTLUN FYRIR ÁRIN 2010 OG 2009 Í ÞÚSUNDUM DKK

VEÐLAG HVERS TÍMA	FJÁRHAGSÁ- ÆTLUN 2010	HLUT- DEILD	FJÁRHAGSÁ- ÆTLUN 2009	HLUT- DEILD	+/-	MISMUNUR %
<b>MR-K, MR-Ligestilling, MR-Lov</b>	<b>172.942</b>	<b>19,2%</b>	<b>172.853</b>	<b>18,9%</b>	<b>89</b>	<b>0,1%</b>
Menningarmál	163.484	18,2%	162.893	17,8%	591	0,4%
Jafnréttismál	8.103	0,9%	8.610	0,9%	-507	-5,9%
Löggjafarmál	1.355	0,2%	1.350	0,1%	5	0,4%
<b>MR-U, MR-A</b>	<b>228.784</b>	<b>25,4%</b>	<b>239.375</b>	<b>26,2%</b>	<b>-10.591</b>	<b>-4,4%</b>
Menntamál og rannsóknir	215.686	24,0%	226.308	24,8%	-10.622	-4,7%
Vinumarkaður og vinnuvernd	13.098	1,5%	13.067	1,4%	31	0,2%
<b>MR-NeR, MR-S, MR-Finans</b>	<b>145.066</b>	<b>16,1%</b>	<b>157.468</b>	<b>17,3%</b>	<b>-12.402</b>	<b>-7,9%</b>
Atvinnu-, orku- og byggðamál	107.306	11,9%	116.658	12,8%	-9.352	-8,0%
Félags- og heilbrigðismál	35.987	4,0%	39.044	4,3%	-3.057	-7,8%
Efnahags- og fjármál	1.773	0,2%	1.766	0,2%	7	0,4%
<b>MR-M, MR-FJLS</b>	<b>78.707</b>	<b>8,8%</b>	<b>80.427</b>	<b>8,8%</b>	<b>-1.720</b>	<b>-2,1%</b>
Umhverfismál	43.372	4,8%	43.209	4,7%	163	0,4%
Sjávarútvegur, landbúnaður, skógrækt og matvæli	35.335	3,9%	37.218	4,1%	-1.883	-5,1%
<b>Samstarfsráðherrar</b>	<b>273.748</b>	<b>30,4%</b>	<b>262.636</b>	<b>28,8%</b>	<b>11.112</b>	<b>4,2%</b>
Samstarf við grannsvæðin	95.624	10,6%	96.536	10,6%	-912	-0,9%
Skrifstofa ráðherranefndarinnar	73.632	8,2%	73.198	8,0%	434	0,6%
Önnur samnorræn starfsemi	37.369	4,2%	30.982	3,4%	6.387	20,6%
Hnattvæðingarverkefni	67.123	7,5%	61.920	6,8%	5.203	8,4%
<b>SAMTALS</b>	<b>899.247</b>	<b>100,0%</b>	<b>912.759</b>	<b>100,0%</b>	<b>-13.512</b>	<b>-1,5%</b>

## Megináherslur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2010

Norræna ráðherranefndin er vettvangur formlegs samstarfs ríkisstjórna norrænu landanna. Starf ráðherranefndarinnar byggist á Helsingforssamningnum, sem síðast var endurskoðaður árið 1995.

Samstarfsráðherrar Norðurlanda (MR-SAM) bera ábyrgð á að samræma störf ráðherranefndarinnar. Samstarfið fer fram í tíu fagraráðherranefndum.

Löndin skiptast á að fara með formennsku Norrænu ráðherranefndarinnar eitt ár í senn og taka Danir við formennsku af Íslendingum í upphafi ársins 2010.

Framkvæmdastjóri ráðherranefndarinnar leggur tillögu að fjárhagsáætlun fyrir samstarfsráðherrana. Tillagan byggist á ramma fjárhagsáætlunar sem samstarfsráðherrar samþykkja í mars (ákvörðun 3/2009) og er það gert í nánú samráði við fagraráðherranefndirnar. Tillaga samstarfsráðherranna að fjárhagsáætlun (Ráðherranefndartillaga 2009) er samþykkt í september á grundvelli tillögu framkvæmdastjórans og umsagnarferlis í löndunum. Að höfðu samráði við Norðurlandaráð samþykkja samstarfsráðherrarnir endanlega fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 í október.

Á fundi forsætisráðherra Norðurlandanna sumarið 2007 í Punkaharju í Finnlandi lögðu þeir nýjar áherslur í norrænu samstarfi. Á þeim grundvelli var komið á fót 14 hnattvæðingarverkefnum sem öll þjónuðu megináherslum ráðherranefndarinnar. Flest verkefnanna eru til fleiri ára og munu halda áfram á árinu 2010. Sumarið 2009 var enn einu verkefni á menningarsviði hrint í framkvæmd. Á árinu 2010 verður hafist handa við fleiri verkefni. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 eru um það bil 70 millj. DKK ætlaðar til hnattvæðingarverkefna og mun um það bil helmingur

upphæðarinnar renna til nýrra hnattvæðingarverkefna. Hér fara á eftir lýsingar á forgangsriðun einstakra fagsviða Norrænu ráðherranefndarinnar á árinu 2010.

**Ráðherranefnd um menningarmál (MR-K)** hefur að markmiði að efla og varðveita menningarlega fjölbreytni á Norðurlöndum, að kynna listamenn og verk þeirra og jafnframt að efla norrænt lista- og menningarlíf í hnattvæddum heimi. Uppbygging menningarsamstarfsins tók breytingum á árinu 2007 og er markmið nýrra áætlana og áherslna að gera menningarsamstarfið sveigjanlegra og aðgengilegra og um leið opnara fyrir nýjum starfsaðferðum. Auk áætlanna gegna Norræni menningarsjóðurinn, Norræni kvikmynda- og sjónvarpsjóðurinn ásamt norrænu húsunum og stofnunum lykilhlutverki í áframhaldandi þróun menningarsamstarfsins. Hafin er vinna við að meta hvaða leiðréttingar og aðlaganir á fyrirkomulaginu væri æskilegt að gera eftir að það hefur verið við lýði í tvö ár – og verða nauðsynlegar breytingar gerðar á árinu 2010. Á árinu 2010 leggja menningarmálaráðherrarnir þó sérstaka áherslu á að fylgja eftir og hrinda af stað aðgerðum sem byggja á hnattvæðingarstefnunni sem menningarmálaráðherrarnir samþykktu á árinu 2008. Í stefnunni eru skilgreind verkefni og aðgerðir undir fyrirsögninni „sýnilegri Norðurlönd sem byggja á þekkingu og velmegun“ og eiga stofnanir og samstarfsaðilar á sviðinu þátt í að útfæra verkefni og starfsemi. Mörg verkefnanna eru þverfagleg og eru m.a. unnin í samstarfi við atvinnu- og menntamálasvið. Annað mikilvægt áherslusvið menningarmálaráðherranna á árinu 2010 er að koma á fót menningarsamstarfi innan Norðlægu víddarinnar.

**Ráðherranefnd um jafnréttismál (MR-Ligestilling)** leggur í samstarfsáætlun sinni um jafnréttismál (2006–2010), „Með áherslu á kynferði er stefnt að jafnréttissamfélagi“, áherslu á aðgerðir undir yfirskriftunum „kynferði og völd“ og „kynferði og æska“. Í jafnréttissamfélagi fá kraftar og hæfileikar beggja kynja að njóta sín. Jafnrétti hefur þannig



þýðingu fyrir verðmætasköpun og fyrir þróun og endurnýjun stefnumiða á borð við velmegun, atvinnusköpun og þróun atvinnuvega. Á þessa þætti verður lögð enn frekari áhersla á árinu 2010, m.a. í tengslum við þróun nýrrar samstarfsáætlunar um jafnréttismál. Norrænt samstarf um jafnréttismál á að skara fram úr á Norðurlöndum og vera fyrirmynd annarra landa, m.a. á grannsvæðum Norðurlanda og í Evrópu.

**Ráðherranefnd um löggjafarsamstarf (MR-Lov)** ber ábyrgð á að efla sameiginlegar grundvallarreglur í norrænni löggjöf, í samræmi við norrænt gildismat. Samstarfið felst í undirbúningi og miðlun reynslu áður en lög eru sett, fyrirbyggjandi aðgerðum og baráttu gegn glæpastarfsemi, samstarfi við stjórnvöld á sviði löggjafarmála í Eyrstrasaltsríkjunum ásamt samnorrænu starfi varðandi ESB/EES-rétt. Til að tryggja áframhaldandi samræmi í þróun réttarfars á grundvelli Helsingforssamningsins og samstarfsáætlunar fagsviðsins er farið yfir nýja löggjöf sem er ofarlega á baugi á Norðurlöndum. Þegar þess gerist þörf eru einnig unnin sértæk verkefni um löggjafarmál.

**Ráðherranefnd um menntamál og rannsóknir (MR-U)** ber ábyrgð á samstarfi ráðherranefndarinnar á sviði mennta, rannsókna og nýsköpunar (í samstarfi við ráðherranefnd um atvinnu-, orku- og byggðamál) og samræmir samstarf ráðherranefndarinnar um upplýsingatækni og tungumálafestefnu.

Mikil áhersla er lögð á starf MR-U og í hnattvæðingarverkefnum ráðherranefndarinnar á rannsóknasviði ber MR-U meginábyrgð á eftirfarandi verkefnum: Að efla norrænar Öndvegisrannsóknir og þróun Norræna rannsókn- og nýsköpunarsvæðisins (NORIA). Bæði eru verkefnið unnin í nánu samstarfi við ráðherranefnd um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER). Til að efla æðri menntun verður á árinu 2010 lögð áhersla á að kynna nýja norræna meistara-námsáætlun, verkefni sem snýr að gæðatryggingu og á norrænan þekkingargrunn innan æðri menntastofnana sem nýta má betur við markaðssetningu og hagvöxt. Hnattvæðingarverkefnið „Góð menntun fyrir ungt fólk og fullorðna“ mun á árinu 2010 þróa áfram hugmyndina um fræðslu- og samræðuvettvang með þematískum viðburðum NordForsk gegnir lykilhlutverki í hnattvæðingaraðgerðum

og í að innleiða Norræna rannsókn- og nýsköpunarsvæðið (NORIA) sem hluta af Evrópska rannsókn- og nýsköpunarsvæðinu (ERA). Starf NordForsk byggir á forgangsröðun landanna í rannsóknastarfi og á að efla samkeppnishæfni svæðisins og stöðu þess sem þekkingarsamfélag. NordForsk á einkum að einbeita sér að þeim sviðum þar sem löndin standa sterkt alþjóðlega eða eru stefnumarkandi.

Á árinu 2010 verður áfram lögð áhersla á ferðastyrki, verkefna- og tengslanetaverkefnið Nordplus rammaáætlun, en þar eru Eyrstrasaltsríkin þrjú þátttakendur á sama grundvelli og norrænu löndin. Nordplus á einkum að efla og þróa norrænt samstarf á öllum menntasviðum og stuðla að því að koma á fót norrænu–baltnesku menntasvæði.

Á sviði tungumála verður áfram áhersla á að styrkja tungumálaskilning meðal barna og ungs fólks, aukna samræmingu og nýskipan samstarfs á tungumálasviði (öðlaðist gildi 1.1.2009).

**Ráðherranefnd um vinnumál (MR-A)** sinnir samstarfi á sviði vinnumarkaðs, vinnuverndar og vinnuréttar. Í samstarfsáætlun MR-A fyrir tímabilið 2009–2012, er hnattvæðing meðal þeirra þátta í þróun vinnumarkaðsmála sem sérstök áhersla beinist að. Ennfremur beinist athygli að viðfangsefnum sem varða lýðþróun og loftslagsbreytingar.

Megintilgangur samstarfsins er að tryggja sjálfbærar grundvöll skilvirks norræns vinnumarkaðar á samkeppnishæfum Norðurlöndum. Meðal markmiða samstarfsins er að tryggja nægilegt, hæft og sveigjanlegt vinnuafli og að þróa áfram háa norræna staðla á vinnuverndarsviði til að efla heilsu og velferð á vinnustöðum. Enn fremur er stefnt að jafnvægi milli verndar launafólks og sveigjanleika, og að efla um leið jafnrétti og jafnræði á vinnumarkaði.

**Ráðherranefnd um umhverfismál (MR-M)** leggur áherslu á að vernda og bæta umhverfisgæði og lífsgæði á Norðurlöndum, hafa áhrif á svæðisbundið og alþjóðlegt samstarf og eiga þátt í að hrinda í framkvæmd norrænni stefnu um sjálfbæra þróun. Umhverfissvið hefur valið að leggja megináherslu á eftirfarandi fjóra málaflokka: loftslag og loft, hafid og strandsvæði, líffræðilega fjölbreytni og þjónustu vistkerfa ásamt sjálfbærri neyslu og framleiðslu. Einnig er lögð



áhersla á að samstarf á umhverfissviði sé þverfaglegt til að efla samþættingu umhverfissjónarmiða við fagsviðin. Samstarf á umhverfissviði markast einnig af forgangsröðun í formennskuáætlun Dana fyrir ráðherranefndina árið 2010 og hnattvæðingarverkefnum norrænu forsætisráðherranna. Á umhverfissviði verður einkum kappkostað að fylgja eftir niðurstöðum frá umhverfisráðstefnunni (COP15) í Kaupmannahöfn árið 2009. Einnig mun verða lögð áhersla á að fylgja eftir ákvörðun Sameinuðu þjóðanna um að hefja samninga um bindandi hnattrænan kvikasilfurssamning, starf að vistfræðilegri stjórnun haf- og strandsvæða, ofauðgun og hættuleg efni í vistkerfum hafsins, m.a. með áframhaldandi eftirfylgni framkvæmdaáætlunar HELCOM um Eystrasaltið, bæði á norrænum vettvangi og í löndunum, líffræðilega fjölbreytni og framlag Norðurlanda til ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni og norræna umhverfismerkið Svaninn.

**Ráðherranefnd um fiskveiðar, fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)** hefur að framtíðarsýn að tryggja samkeppnishæf Norðurlönd, en sjálfbær nýting lifandi náttúruauðlinda tekur tillit til þarfa mannsins fyrir lífsgæði og örugg matvæli og á þátt í jákvæðri hnattrænni þróun. Þessari framtíðarsýn er fylgt eftir með rammaáætlun sem gildir fyrir tímabilið 2009–2012 en þar er unnið með sex áherslusvið. Samstarfið á þess vegna að:

- eiga þátt í þróun samkeppnishæfrar framleiðslu
- eiga þátt í að gera norrænu löndin hæfari til að takast á við loftslagsbreytingar og áskoranir sem tengjast þeim
- tryggja fjölbreytni erfðaauðlinda fyrir komandi kynslóðir
- stuðla að sjálfbærri þróun strandsvæða og landsbyggðar á Norðurlöndum og menningar á þessum svæðum
- þróa áfram norræna velferðarsamfélagið með áherslu á lýðheilsu og dýravernd og
- eiga þátt í að skapa sameiginlegu gildismati hljómgrunn á alþjóðlegum vettvangi

Formennskuáætlunin fyrir árið 2010 styður við rammaáætlunina og á árinu mun þessum tveimur áætlunum hrint í framkvæmd á undirdeildum fagsviðsins. Það gerist þó sérstaklega á grundvelli áætlunar ráðherranefndarinnar um „áhrif loftslags á frumframleiðslugreinar – aðlögun

og aðgerðir“, en einnig með tengdum aðgerðum innan undirdeildanna, en þær fela m.a. í sér aðgerðir sem snúa að ýmsum þáttum loftslagsbreytinga. Loftslagsáætlunin er í eðli sínu þverfagleg og felur í sér samstarf við ráðherranefnd um umhverfismál (MR-M) og ráðherranefnd um menntun og rannsóknir (MR-U). Önnur dæmi um þverfaglegt samstarf eru áætlanir um nýja norræna matargerð og um betri heilsu með mataræði og hreyfingu. Á rannsóknasviði mun MR-FJLS halda áfram að efla samstarf og stefnumótun, og vinna að betri tengingu við aðrar norrænar stofnanir á borð við NordForsk og NICE og nýta ýmis tækifæri sem felast í evrópsku rannsóknasamstarfi.

**Ráðherranefnd um atvinnu-, orku- og byggðamál (NR-NeR)** mun á árinu 2010 takast á við viðfangsefni sem lúta að afleiðingum loftslagsbreytinga, hnattvæðingu og fjármálakreppunni. Á sviði orkumála standa löndin andspænis stóru verkefni sem er nauðsyn þess að efla orkunýtingu eins og kostur er og breyta orkuframleiðslu til að lágmarka CO2 losun en tryggja um leið orkuframboð og möguleika á áframhaldandi hagvexti. Á sviði atvinnumála herðir hnattvæðingin á efnahagskreppunni og það verður mikil áskorun að skapa hagvöxt í löndunum. Um leið liggja mikil efnahagsleg tækifæri í að þróa loftslagsvænar afurðir og ferli. Hvað byggðamálin varðar fylgir efnahagskreppunni aukið álag á undirstöður samfélagsins. Loftslagsmálin krefjast verulegrar aðlögunar í skipulagsmálum bæja og grunnkerfum í samgöngum. Á árinu 2010 verður lögð áhersla á mörg verkefni sem varða strjálbýl svæði. Málaflokkurinn er orðinn ábyrgur fyrir þó nokkrum hluta hnattvæðingarverkefna forsætisráðherranna og verður þeim fylgt eftir á árinu. Á árinu 2010 verður nýrri framkvæmdaáætlun um orkumál hleypt af stokkunum og á hún m.a. að tryggja enn frekari samræmingu norræna raforkumarkaðarins, auka hlut endurnýjanlegrar orku í raforkuferfunum, og efla rannsóknir og þróun á þessu sviði. Á árinu 2010 verður einnig samin ný framkvæmdaáætlun um nýsköpun og atvinnumál.

**Ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál (MR-S)** mun á árinu 2010 fyrst og fremst fást við tækifæri og úrlausnarefni vegna hnattvæðingarinnar. Ráðherranefndin leggur áherslu á nýsköpun á sviði velferðarmála. Áhersla beinist að þremur kjarnasviðum og snýst um að þróa norræna



velferðarmódelið á þann veg að það eflist í hnattrænu samkeppnisumhverfi og varðveiti félagslega samstöðu sína. Kjarnasviðin þrjú eru:

- Lýðfræðilegar breytingar og forvarnir vegna samfélags-hópa sem standa höllum fæti. Mikilvægt er að tryggja hæft vinnuafli og sjálfbæra velferðarþjónustu
- Gæðaðróun í heilbrigðis- og félagsþjónustu Lykilþættir eru þörfin fyrir mikla sérhæfingu og notkun upplýsinga- og samskiptatækni á heilbrigðis- og félagsmálasviði
- Samstarf við grannsvæði Norðurlanda, þar með talið barátta gegn mansali. Áhersla er á að efla samstarf innan Norðlægu víddarinnar.

Mikilvægur þáttur aðgerða vegna hnattvæðingar er að koma á fót þverfaglegum verkefnum á sviði heilbrigðis- og velferðarmála. Norrænar stofnanir og aðrir sem koma að samstarfi innan málaflöksins taka virkan þátt í að framfylgja markmiðum fagsviðsins. Stofnanir á heilbrigðis- og velferðarsviði voru endurskipulagðar til að auka möguleika Norðurlanda á að nota úrræði sviðsins til að efla nýsköpun á sviði velferðarmála á Norðurlöndum. Stofnun Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar, NVC, í Stokkhólmi er framlag til að gera nýsköpunarstarfið markvissara.

**Ráðherranefnd um efnahags- og fjármál (MR-Finans)** á að stuðla að því að skapa forsendur fyrir að ná pólitískum markmiðum um stöðuga og heilbrigða efnahagsþróun með fullri atvinnu og jöfnum hagvexti. Málefni sem snerta Evrópusambandið hafa sem fyrr forgang í samstarfi á sviði efnahags- og fjármála. Ennfremur er búist við að eftirfylgni við afnám stjórnsýsluhindrana á Norðurlöndum, kerfisbundið samráð og samstarf um skattamál ásamt samstarfi um skýrari samþættingu efnahagsmála við stefnu Norðurlanda um sjálfbæra þróun verði mikil-vægir þættir á efnahags- og fjármálasviði á árinu 2010.

Á meðan Danir fara með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2010 munu þeir leggja áherslu á hnattvæðingu. Á efnahagssviðinu mun þetta m.a. birtast í áherslu á hlutverk fjármála- og peningamálustefnu á undanförunu hagsveifluskeiði. Þeir munu einnig takast á við vandamál á sviði loftslagsmála, m.a. möguleika á að samræma norræna aðkomu að markaði fyrir losunarheimildir, og jafnframt frekari samræmingu

norræna raforkumarkaðarins. Enn fremur verður á þessu formennskutímabili leitast við að viðhalda áherslu á verkefnið um upplýsingaskipti við svonefnd skattaskjól en markmiðið er að gera fleiri samninga við þessi lönd.

**Samstarfsráðherrarnir (MR-SAM)** munu sem fyrr m.a. leggja áherslu á aukið samstarf við grannsvæðin, starf til að fyrirbyggja og afnema stjórnsýsluhindranir, auk hnattvæðingarverkefna.

**Aukið samstarf við grannsvæðin** hefur að markmiði að efla sameinaðan styrk svæðisins. Sérstök áhersla verður á Eystrasaltssvæðið. Samstarf við nágretta Norðurlanda í vestri, einkum Kanada, er orðið mikilvægara, ekki síst vegna loftslagsbreytinga.

Í samstarfi ráðherranefndarinnar við nágrannalöndin við Eystrasaltið beinist athyglin einkum að því að auka aðdráttarafl svæðisins – „Top of Europe“. Samstarf við Eistland, Lettland og Litháen ásamt samstarfi á evrópskum vettvangi er samþætt starfsemi ráðherranefndarinnar. Þar beinist athyglin m.a. að menntun, rannsóknun, nýsköpun og umhverfistækni. Skoða ber samstarfið á Eystrasaltssvæðinu í ljósi þróunar stefnu Evrópusambandsins í málefnum Eystrasaltsins og breytinga innan Eystrasaltsráðsins (CBSS). Leitast verður við að styrkja samstarf við Þýskaland og Pólland. Norræna ráðherranefndin mun taka þátt í framkvæmd stefnu Evrópusambandsins í málefnum Eystrasaltsins.

Samstarf á Barentssvæðinu og á svæðinu við Eystrasaltið sem snýr að Norðvestur–Rússlandi fer fram innan ramma Norðlægu víddarinnar en þar gegnir ráðherranefndin virku hlutverki í framkvæmd og þróun samstarfsverkefna. Ráðherranefndin vinnur náið með byggðasamtökum á svæðinu og með Evrópusambandinu og vinnur að því að þróa og efla samstarfið. Samstarf ráðherranefndarinnar við Norðvestur–Rússland beinist einkum að uppbyggingu þekkingar og þróun tengslaneta og því að efla borgaralegt samfélag og lýðræði.

Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi og Litháen og í Norðvestur–Rússlandi skipta miklu fyrir

Þróun og framkvæmd samstarfs við nágranna á Eystra-saltssvæðinu og Barentssvæðinu.

Samstarf um þróun lýðræðis í Hvíta-Rússlandi beinist fyrst og fremst að því að styrkja hvítússneska útlaga-háskólann í Vilnius, *European Humanities University*. Þar á ráðherranefndin náið samstarf við ESB og aðra styrktaraðila.

Afnám stjórnsýsluhindrana fyrir einstaklinga og fyrirtæki heldur áfram. Leitast verður við að styrkja enn betur norræna samræmingu löggjafar í löndunum og innleiðingu ESB tilskipana. Enn fremur verður gripið til sértækra aðgerða til að samræma reglur sem varða tiltekna starfshópa og -greinar, bæði hvað varðar menntun og löggildingar og staðla/reglur.

Á sviði skattamála og atvinnumála og almannatrygginga verða settir á fót starfshópar til að fá fram ítarlegar tillögur um endurbætur sem auka sveigjanleika fyrir fyrirtæki og starfsemi þvert á landamærin. Mörgum þeirra rannsókna sem gerðar voru á árinu 2009 verður fylgt eftir áfram á pólitískum grundvelli á árinu 2010. Þetta á m.a. við um norrænt skilagjaldakerfi ásamt samræmingu og aðgerðum á ýmsum sviðum lífeyrismála.

Þá verður leitast við að afnema hindranir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem starfa eða hafa hug á að starfa þvert á norræn landamæri. Eyrarsundssvæðið verður notað sem reynslusvæði, en síðan verða aðgerðirnar færðar til fleiri landamærasvæða og til fleiri landa.

## Hnattvæðingarverkefni Norrænu ráðherranefndarinnar

Allt frá sumarfundi norrænu forsætisráðherranna sumaríð 2007 hafa þeir við mörg tækifæri gefið til kynna áhuga á frekari aðgerðum innan ramma norrænu hnattvæðingarverkefnanna.

Samstarfsráðherrar Norðurlanda (MR-SAM) samþykktu því á fundi sínum þann 6. mars 2009 að biðja allar fagráðherranefndir um að koma með tillögur að nýjum

verkefnum. Yfir 60 tillögur bárust frá ráðherranefndunum og frá nefndum Norðurlandaráðs. Á þessum grundvelli samþykktu samstarfsráðherrarnir sjö ný verkefni sem hér segir: A) Menning og skapandi greinar B) Heilbrigðis- og velferðarmál, C) Rafræn vísindi (eScience), D) Orku- og samgöngumál, E) Framtíðarsýn um loftslagsvæna þróunarsamvinnu (*Clean Development Mechanism*) og sameiginlega framkvæmd Kýótó bókunarinnar (*Joint Implementation*), F) Loftslagsvænar byggingar, G) Samningar um kvikasilfur.

Fjárhagsáætlun fyrir hin nýju hnattvæðingarverkefni nemur 33,9 millj. DKK fyrir árið 2010 en heildarfjárveiting til hnattvæðingarverkefna nemur 70 millj. DKK.

Á eftirfarandi yfirliti má sjá hvaðan fjárveiting til hnattvæðingarverkefnanna kemur árið 2010:



FJÁRVEIÞING I MILLJ.	DKK
Hnattvæðingarsjóður utan fagsviðanna	51,5
Afgangur frá hlutfallslegum niðurskurði sem nemur 1,3%	11,1
Sértækur niðurskurður Félags- og heilbrigðismál	0,5
<i>Rammi fjárhagsáætlunar 2010</i>	<i>63,1</i>
Þak á yfirfærslu fjármagns frá árinu 2008 (20% reglan)	2,9
Hnattvæðingarframlag sem ekki var notað 2009	4,0
<b>SAMTALS</b>	<b>70,0</b>

Auk fjármagns á fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 sem nemur 63,1 millj. DKK, er notað fjármagn sem var yfirfært frá fyrra ári, samtals 6,9 millj. DKK, til að fjármagna ramma ársins 2010. Hér er um að ræða hnattvæðingarframlag sem ekki var notað árið 2009 (4 millj. DKK) ásamt fjármagni sem var skorið niður árið 2008 samkvæmt 20% reglunni (2,892 millj. DKK).<sup>1</sup>



## Aðgerðir Norrænu ráðherra- nefndarinnar vegna Íslands

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 áætla samstarfsráðherrarnir upphæð sem nemur 7,2 millj. DKK til aðgerða til stuðnings Íslandi. Um er að ræða þrjár gerðir verkefna: 1) ferðastyrki vegna þátttöku íslenskra embættismanna í norrænum fundum, 2) styrki fyrir námsmenn og lærlinga til að tryggja áframhaldandi þátttöku Íslendinga í norrænum menntaáætlunum og 3) fjármagn til markvissrar upplýsingamiðlunar á Íslandi um fjármögnunarmöguleiðir innan norræns samstarfs, t.d. á sviði menningar og atvinnulífs.

## Breytingar á fjárhagsáætlun Norrænu ráðherra nefndarinnar

